

Mánudaginn 5. maí 1958.

Nr. 108/1957. **Helgi Benediktsson** (Sigurður Ólason hrl.)
 gegn
Sigurgeiri Kristjánssyni
 (Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 18. júní 1957 og skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí s. á. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 25.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. maí 1954 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst áfrýjandi þess, að kostnaður hans af málinu, þ. á. m. málsvarnarlaun umboðsmanns hans fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, verði greiddur úr ríkissjóði, sbr. 3. tölulið 154. gr. laga nr. 27/1951, enda þótt gjafsóknarleyfi hafi eigi verið gefið út honum til handa.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.500.00.

Eigi eru efni til að taka til greina kröfu áfrýjanda um greiðslu málskostnaðar úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, greiði stefnda, Sigurgeiri Kristjánssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. nóvember 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f. m., hefur Helgi Benediktsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 7. maí 1954, gegn Gunnari A. Pálssyni setudómara, Blómvallagötu 13, hér í bæ, Sigurgeiri Kristjánssyni lögregluþjóni, Boðaslóð, og Torfa Jóhannssyni bæjarfógeta, Sólhlíð, báðum í Vestmannaeyjum, til greiðslu in solidum á skaðabótum fyrir líkamsspjöll og varanleg meiðsli, ásamt sársauka og miska, er því var samfara, að fjárhæð kr. 72.000.00, auk 6% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaði að mati dómarans.

Stefndi Gunnar A. Pálsson krafðist þess, að málinu yrði vísað frá dómi, að því er hann varðaði. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 27. október 1954 var málinu vísað frá dómi, að því er hann varðaði, og var sá dómur staðfestur með dómi Hæstaréttar 17. nóvember s. á.

Stefndi Torfi og Sigurgeir hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Við munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá kröfum sínum á hendur stefnda Torfa, en krafðist skaðabóta úr hendi stefnda Sigurgeirs að fjárhæð kr. 25.000.00, auk vaxta og málskostnaðar, eins og krafizt er í stefnu.

Stefndi Torfi krafðist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavexti kveður stefnanda þá, að í júlímánuði 1953 hafi stefndi Gunnar Pálsson haldið dómþing í máli, sem ákærvaldið hafði höfðað á hendur sér. Að fyrirskipan stefnda Gunnars hafi stefndi Sigurgeir með valdi flutt hann í dómþingið, þannig að hann hafi snúið hendur hans aftur fyrir bak og ýtt honum inn í dómsalinn. Er inn í dómsalinn var komið, hafi stefnandi tekið lítið viðbragð. Við það hafi Sigurgeir misst tak sitt og þá snúið upp á þumalfingur vinstri handar hans með þeim afleiðingum, að þumalfingurinn er varanlega liðhlaupinn og hendir lítt nothæf.

Eins og fyrr greinir, hefur stefnandi fallið frá kröfum á hendur stefnda Torfa, en hinn síðarnefndi hefur krafizt málskostnaðar. Þykir verða að telja stefnda Torfa eiga rétt til málskostnaðar úr hendi stefnanda. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að stefndi Sigurgeir hafi á óforsvaranlegan hátt framkvæmt starf sitt við að færa hann í dómþingið og beri hann því fébótaábyrgð á því tjóni, er stefnandi varð fyrir. Hefur stefnandi lagt fram tvö læknisvottorð. Hið fyrra frá Ólafi Halldórssyni lækni, dagsett 24. apríl 1954, en þar segir:

„Samkvæmt beiðni Helga Benediktssonar hef ég litið á v. þumalfingur hans. Í art. metacarpophalangea pallicis sin. er hægt að yfirextendera mjög áberandi fingurinn, sem ekki er hægt á h. þumli. Virðist þetta stafa af áverka. Hann telur notagildi v. handar allverulega rýrt, sem ekki virðist óeðlilegt, og kemur einkum fram, er hann tekur á hlut milli þumals og vísifingurs, en þá kemur spontant hin umtalaða yfirextension og veldur því, að hann missir tangarhald á hlutnum. Einnig kvartar hann um sársauka í liðnum, er fingurinn yfirextenderast.“ Í hinu síðara vottorði, sem er frá Baldri Johnsen héraðslækni, dagsettu 26. apríl 1954, segir m. a.: „Við skoðun á vinstri þumalfingri kom í ljós óeðlilegur hreyfanleiki í efri eða aðal þumalfingursliðnum, þannig að hægt var að beygja hann aftur (extender í ca. 100 gráðu horn). Að öðru leyti var ekkert við fingurinn að athuga. Aftursveigja hægri þumalfingurs var eðlileg, ca. 160 gráður. Röntgenmynd af v. þumalfingri sýndi ekkert athugavert við bein, spec. engin merki um ámsgamalt brot, en liðbilið var stækkað, og þar með capsulan óeðlilega víð.“

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi á engan hátt beitt harðræði við stefnanda, er hann flutti hann í dómsalinn. Hafi hann fært framhandlegg stefnanda aftur fyrir bak honum, þannig að framhandleggurinn hafi myndað rétt horn um olnbogann. Hafi hann aldrei fært handlegginn í óþægilega stöðu og ekkert snúið upp á hann. Hafi hann haldið um úlnlið stefnanda, en aldrei tekið um fingur hans og hljóti þeir því að vera óskemmdir af hans völdum. Hefur stefndi Sigurgeir lagt fram viðbótarvottorð frá fyrrgreindum læknum. Í viðbótarvottorði Ólafs Halldórs-sonar, dagsettu 26. maí 1954, segir: „Í framhaldi af vottorði vegna fingurs Helga Benediktssonar vil ég taka fram, að ómögulegt er að ákvarða, hvenær þessi breyting á liðnum hefur skeð. Gæti það alveg eins hafa skeð fyrir 50 árum eins og nú.“ Í viðbótarvottorði Baldurs Johnsens, dagsettu 12. október 1954, segir: „Samkvæmt fyrirspurn skal fram tekið, að, eins og vottorðið raunar ber með sér, er ómögulegt að fullyrða neitt um orsakir hins óeðlilega hreyfanleika vinstri þumalsfingurs H. B. né hversu gamalt fyrirbrigðið kunni að vera.“

Samkvæmt því, sem rakið er hér að framan, hafa liðið um níu mánuðir frá því stefnandi kveður sig hafa orðið fyrir umræddum meiðslum og þar til hann vitjar lækna vegna þeirra. Enn fremur verður ekki ráðið samkvæmt framangreindum vottorðum lækna-anna, hvenær meiðslin hafi átt sér stað. Með tilliti til þessa þykir

stefnandi ekki gegn eindregnum mótmælum stefnda Sigurgeirs hafa fært sönnur að því, að meiðslin séu af völdum stefnda Sigurgeirs, er hann færði stefnanda í dómþing í júlímánuði 1953. Verður því þegar af þeirri ástæðu eigi unnt að taka kröfu stefnanda til greina í málinu, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Niðurstaða dóms þessa verður því sú, að stefndi Sigurgeir á að vera sýkn af kröfum stefnanda. Stefnandi verður dæmdur til að greiða stefnda Torfa kr. 300.00 í málskostnað, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurgeir Kristjánsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Helga Benediktssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda, Torfa Jóhannssyni, kr. 300.00 í málskostnað. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
